Móttekin 8/10 '07

Námsmenn:
Oddný Helgadóttir
Kt: 240481-4219
Jón Gunnar Ólafsson
Kt: 280380-5719

Umsjónarmenn:
Þórhildur Líndal
Guðmundur Hálfdanarson

Okkar raddir

Heimildamynd um börn innflytjenda á Íslandi

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA 2007

ÚTDRÁTTUR:

Verkefnið *Okkar raddir* er heimildamynd byggð á viðtölum við börn innflytjenda. Í henni er rætt er við fimm börn frá ýmsum löndum og markmiðið er að fá innsýn í reynsluheim þeirra. A.m.k þrú viðtöl voru tekin við hvert barn og þegar upp var staðið höfðum við tekið upp vel á þriðja tug klukkustunda af myndefni. Klipping, hljóðvinnsla, litaleiðrétting o.fl. þess háttar var því mikið verk.

Við erum bæði í meistaranámi í alþjóðasamskiptum og hugmyndin að verkefninu kviknaði á námskeiði um fjölmenningu og málefni innflytjenda. Verkefnið er einnig tengt öðrum viðfangsefnum námsins, t.d. hugmyndum um hnattvæðingu, vangaveltum um sjálfsmynd o.fl.

Það hefur verið mjög ánægjulegt og lærdómsríkt að vinna þetta verkefni og við erum þakklát fyrir tækifærið til að gera það.

UM VERKEFNIÐ:

Verkefnið *Okkar raddir* var unnið í formi heimildamyndar. Myndin byggist á viðtölum við fimm börn á aldrinum sjö til tólf ára sem eiga foreldra eða foreldri sem ekki fæddust á Íslandi. Í viðtölunum var leitast við að fá innsýn í reynsluheim þeirra.

FRAMKVÆMD:

1) Viðmælendur

Í leit að viðmælendum höfðum við m.a. samband við Alþjóðahúsið, Austurbæjaskóla, félagsmiðstöðina Miðberg, verkefnisstjóra Framtíðar í nýju landi, formann Félags múslíma, verkefnisstjóra innflytjendamála hjá Rauða krossinum og fleiri. Við völdum viðmælendur frá ólíkum heimshlutum, sem hafa búið mislengi á Íslandi og með ólíkan bakgrunn til þess undirstrika fjölbreytileikan í hópi barna innflytjenda. Forsenda þess að börn gætu tekið þátt í þessu verkefni var að þau væru ekki svo feimin að þau gætu ekki talað fyrir framan myndavélar og að þau gætu gert sig skiljanleg á íslensku. Við settum það þó ekki fyrir okkur að íslenskukunnátta þeirra væri ekki fullkomin, þar sem við lítum á það sem eitt af markmiðum verkefnis af þessu tagi að venja fólk á að hlusta á íslensku sem ekki er lýtalaus.

Viðmælendur okkar í myndinni eru þessir:

1. Jakub Clark, 8 ára. Móðir hans er pólsk en faðir enskur. Hann hefur búið á Íslandi í 6 ár.
2. Nazima Kristín Tamimi, 12 ára. Móðir hennar er íslensk en faðir palestínskur. Hún hefur búið alla ævi á Íslandi.

3. Jens-Theeraphol Arayarangsee, 12 ára. Foreldrar hans eru tælenskir. Hann hefur búið á Íslandi í 3 ár.
4. Nasipe Bajramaj, 11 ára. Foreldrar hennar eru albanskir. Hún hefur búið á Íslandi í 6 ár.
5. Jean Guerby Faurelien, 7 ára. Móðir hans er frá Haíti en faðir íslenskur. Hann hefur búið á Íslandi í 1 ár.

2) Viðtöl

Það krefst mikils undirbúnings og tíma að taka viðtöl við börn. Við sömdum ítarlegan spurningalista áður en við tókum viðtöl og skiptum spurningunum upp í nokkur þemu sem við vildum ræða við börnin (sjá fylgiskjal 1).

Við hittum hvert barn fjórum til sex sinnum. Fyrst hittum við þau og kynntumst þeim, síðan tókum við a.m.k. þrjú viðtöl við hvert barn. Við mynduðum þau einnig við leik og þegar þau sinntu hugðarefnum sínum eða hversdagslegum skyldum. Alls tókum við upp vel á þriðja tug klukkustunda af myndefni.

3) Klipping og eftirvinnsla

Klipping og eftirvinnsla í verkefni af þessu tagi er gríðarmikið og tímafrekt verk. Í fyrstu þarf að hlaða inn myndefni, vinna úr því, ákveða hvað á að nota og hvernig myndin á að vera uppbyggð. Þá tekur við fínpússun af ýmsu tagi við, m.a. þarf að huga að klippingu, hljóðvinnslu, litaleiðréttingu, gerð titils og þakkalista, samspili tónlistar og mynda, o.fl.

FRÆÐILEGIR ÞÆTTIR:

Við erum bæði meistaranemar í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands. Námið er fjölþætt og yfirgripsmikið og í því er m.a. tvinnað saman þráðum úr stjórnmálafræði, sagnfræði, lögfræði og hagfræði.

Á meðal viðfangsefna námsins eru fjölmenning og málefni innflytjenda. Við höfum bæði mikinn áhuga á þessum þáttum námsins, ekki síst í ljósi þess að innflytjendum til Íslands hefur fjölgað hratt undanfarið og að sú þróun mun, ef að líkum lætur, verða áframhaldandi á komandi árum.

Í náminu er einnig fjallað mikið um hnattvæðingu. Aukin tengsl fólks hvarvetna og á mörgum sviðum hafa haft mikil áhrif á fjölda fólks. Þetta aðgreinir núverandi skeið sögunnar og aðra kafla hennar, og er einstakt í nútímanum[1].

Þetta tvennt, að fjöldi fólks sem flyst á milli landa eykst og að samskipti fólks hvaðanæva að eru meiri en nokkru sinni fyrr, gerir það að verkum að leita verður leiða til að nábýli fólks af ólíkum uppruna og bakgrunni verði sem friðsamlegast. Þessi viðleitni er að okkar mati eitt af mikilvægustu viðfangsefnum samtímans.

Öll vestræn lönd búa nú við það sem kalla mætti fjölmenningu, enda hefur straumur fólks frá fátækari ríkjum legið þangað undanfarin ár og áratugi[2]. Ríki hafa valið mismunandi leiðir til að taka á móti þessum straumi. Erfitt er að segja til um hvaða leiðir er bestar og í rauninni er engin rétt aðferð í þessum málum.

Það blasir þó við að miklir fólksflutningar eru staðreynd sem við búum við og að mikilvægt er að reyna að finna aðferð til að draga úr ólgunni sem þeim geta fylgt. Það

---

[1] Scholte, Jan Aart. (2005). *Globalization: A critical introduction.* Basingstoke og New York: Palgrave Macmillan, bls. 83.

[2] Peter Kivisto. (2002). *Multiculturalism in a Global Society.* Oxford: Blackwell Publishing, bls. 187.

eina sem virðist augljóst í þeirri viðleitni er að þekking og skilningur á högum annarra geta ráðið miklu um hvernig til tekst. Það var að mikli leyti þessi hugsun sem kveikti hjá okkur löngun til að vinna þetta verkefni.

Við völdum þetta form, þ.e. að taka viðtöl við börn innflytjenda, af ýmsum ástæðum. Það hefur vakið athygli okkar að í orðræðu og fjölmiðlaumfjöllun eru innflytjendur oft hlutgerðir. Gjarnan er talað um erlent vinnuafl, áhrif þess á hagkerfið o.fl., en sjaldnar er talað um allt *fólkið* sem flyst hingað frá öðrum löndum. En sjaldnar er talað *við* innflytjendur. Þeir eru hópur sem hefur ekki rödd í almennri og opinberri umræðu. Þess vegna fannst okkur mikilvægt að vinna verkefni þar sem þeim er gefið tækifæri til að tala. Okkur fannst kjörið að tala við börn innflytjenda vegna þess að þau hafa, umfram fullorðið fólk, möguleika til að ná árangri og aðlagast nýju samfélagi. Því er mikilvægt að komast að því hver upplifun þeirra er, hvers þau þarfnast, hvað þeim finnst erfitt, o.s.frv. Börn eru auk þess oft mjög hreinskilin og opin og vilja tjá sig um aðstæður sínar. Í myndinni er ekki orð frá okkur, engar upplýsingar eða utanaðkomandi viðhorf, heldur bara það sem viðmælendur okkar höfðu að segja. Við töldum ákjósanlegt að vinna myndina svona því viðfangsefni hennar er þess eðlis að enga endanlega niðurstöðu er að fá. Það eru engin rétt eða röng svör, einungis upplifun barnanna og við höfum litlu við hana að bæta. Það er svo áhorfandans að meta og reyna að átta sig á því sem þau hafa fram að færa.

Annað viðfangsefni okkar í alþjóðasamskiptanáminu, nátengt umræðu um innflytjendur og fjölmenningu, er sjálfsmynd eða „identity" fólks. Þjóðerni er eitt af því sem hefur sterk áhrif á sjálfsmynd og því veltum við fyrir okkur hver væri sjálfsmynd barna sem búa í raun á milli menningarheima og tilheyra tveimur eða fleiri þjóðum. Spurningarnar

sem við lögðum fyrir börnin höfðu voru í rauninni þrenns konar. Í fyrsta lagi spurningar um þau, áhugasvið þeirra og daglegt líf. Tilgangurinn með þessum spurningum var að kynna börnin fyrir áhorfendum myndarinnar. Í öðru lagi spurðum við um komuna til Íslands, íslenskukunnáttu, hagi þeirra hér á landi o.fl. í þeim dúr. Í þriðja lagi spurðum við spurninga sem tengjast sjálfsmynd barnanna og upplifun þeirra af sjálfum sér. Þessir seinni tveir þættir voru í rauninni „rannsóknin" í verkefninu. Í ljós kom að börnin voru mörg hver í vafa um hvað, eða hver þau væru. Setningar á borð við „mér finnst ég vera meira íslenskur, en ég er meira pólskur" og „mér finnst ég bara vera íslensk, en fyrir öðru fólki myndi ég ekki segja að ég væri íslensk af því að ég er ekki alveg íslensk" sýna það glögglega.

AÐ LOKUM:

Niðurstaða þessa verkefnis er önnur en í hefðbundnari rannsóknum. Afrakstur vinnu okkar er heimildamynd þar sem fimm börn segja frá sjálfum sér og lífi sínu. Þau eru ólík og sögur þeirra misjafnar. Við erum, fyrir okkar parta, þakklát fyrir tækifærið til að vinna þetta verkefni. Við höfum sötrað nýbrennt kaffi frá Haíti, verið boðið í þríréttaða tælenska máltíð, horft á albanskar teiknimyndir um gervihnött og gætt okkur á pólsku nammi. Fyrst og fremst höfum við þó kynnst fimm yndislegum börnum, fjölskyldum þeirra og foreldrum, sem eiga það eitt sameiginlegt að leggja mikið á sig til að skapa börnum sínum góða framtíð í nýju landi.

Okkur langar helst til að myndin okkar verði nýtt við kennslu í grunnskólum og höfum hugsað okkur að þróa kennsluefni til að fylgja henni. Þannig gætu skólabörn fengið

innsýn í líf þessara barna og myndin hugsanlega orðið til þess að auka skilning á aðstæðum barna sem búa eru á milli menningaheima og búa þeim betra líf.

HJÁLAGT:

Spurningalisti

Oddný Helgadóttir

Jón Gunnar Ólafsson

SPURNINGALISTI

1. Kynning

Hvað heitir þú?

Hvað ertu gömul/gamall?

Frá hvaða landi ertu?

Hvað ertu búin/n að búa lengi á Íslandi?

2. Áhugamál

Hver eru áhugamálin þín?

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera?

Hvernig er venjulegur dagur hjá þér?

3. Skóli

Í hvaða skóla og bekk ertu?

Hvernig finnst þér í skólanum?

Í hverju ertu bestur/verstur?

Hvernig er bekkurinn þinn?

4. Vinir

Hvað heitir besti vinur þinn?

Af hverju eruð þið bestu vinir?

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera saman?

5. Fjölskylda

Hverjir eru í fjölskyldunni þinni og hvað heita þeir?

Hvað gera fjölskyldumeðlimir?

Eruð þið vinir?

Með hverjur býrðu og hvernig er það?

6. Koma til Íslands

Af hverju komst þú/fjölskyldan þín til Íslands?

Hvernig fannst þér Ísland þegar þú komst?

Hvernig leið þér þegar þú komst?

Hvenær fór þér að líða eins og þú ættir heima hérna? Af hverju?

7. Ísland

Hvernig myndir þú lýsa Íslandi (fyrir einhverjum sem hefur aldrei komið hingað)?

Vissirðu eitthvað um Ísland áður en þú komst?

8. Hitt landið

Hvernig myndirðu lýsa hinu landinu þínu (fyrir einhverjum sem hefur aldrei komið þangað)?

Ferðu þangað reglulega?

Eftir hverju manstu þar?

Þekkirðu fólk þar?

Hvernig líður þér þegar þú kemur þangað?

Hvernig líður þér þegar þú kemur aftur til Íslands?

Saknarðu einhvers þaðan?

Hvernig tala foreldrar þínir um landið?

Hvað er að gerast í landinu?

Hver er munurinn á hinu landinu þínu og Íslandi?

9. Íslenska

Hvernig fannst þér íslenska hljóma þegar þú komst fyrst?

Hvernig lærðirðu íslensku?

Fannst þér það erfitt eða auðvelt? Af hverju?

Kann fjölskyldan þín íslensku?

Ef fjölskylda kann ekki íslensku er það erfitt, t.d. hvað heimavinnu og vini snertir?

10. Hitt tungumálið

Kanntu hitt tungumálið?

Hvað talarðu heima?

Hvort ertu betri í íslensku eða hinu málinu? Hvort er erfiðara? Af hverju?

Hvernig er hitt tungumálið samanborið við íslensku?

11. Íslendingar og hin þjóðin?

Hvernig eru Íslendingar?

Hvernig er hin þjóðin?

Er einhver munur?

12. Innflytjendur

Hvað er innflytjandi?

Hefurður heyrt talað um innfytjendur?

Hvað er þá sagt?

Er það frekar neikvætt eða jákvætt?

Hver er munurinn á Íslendingi og innflytjenda?

13. Fordómar

Hvað eru fordómar?

Hefur þú upplifað fordóma?

Hefur einhver sagt eða gert eitthvað af því að þú kemur ekki frá Íslandi?

Ef svo er, hvernig og af hverju?

Hvernig leið þér þá?

Hefur fjölskylda/vinir upplifað fordóma?

Eru miklir fordómar á Íslandi?

Af hverju er fólk með fordóma?

Er hægt að draga úr þeim? Hvernig?

14. Hver er ég?

Hvort finnst þér þú vera meira frá Íslandi eða hinu landinu og af hverju?

Ertu íslensk/ur?

Hvernig ert þú (lýstu sjálfri/um þér)?

Geturðu sagt mér einhverja skemmtilega sögu af þér?

Hver er fyrsta minningin þín?

Hvað er fyndnasta sem þú hefur lent í?

15. Framtíðin

Ætlarðu að vera áfram á Íslandi og af hverju?

Hvað með hitt landið, langar þig aftur þangað?

Hvað ætlarðu að vera þegar þú verður stór og af hverju?